



**Umhverfisstofnun
- stefnumörkun -
2006-2020**

Mars 2006

Framtíðarsýn og hlutverk Umhverfisstofnunar

Langtímaverkefni og sú framtíðarsýn sem starfsemin byggir á er kynnt hér og hlutverk stofnunarinnar skilgreint.

Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar

Stefna Umhverfisstofnunar er að landsmenn búi við heilnæm lífsskilyrði, hreint umhverfi, ómenguð matvæli og hættulausa efna- og nauðsynjavöru. Annar lykilþáttur í stefnu stofnunarinnar er að landsmenn fái að njóta þess sem er sérstakt eða sögulegt í náttúrunni og að íslensk náttúra fái að þróast eftir föngum samkvæmt eigin lögmálum.

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi afl í að samþætta og knýja á um nauðsynlegar aðgerðir landsmanna til að ná settu marki í matvæla- og umhverfismálum

Einkunnarorð:

1. Heilbrigð þjóð í hreinu og óspilltu umhverfi
2. Matvæla- og umhverfismál eru mál allra

Umhverfisstofnun vill:

1. njóta virðingar og trausts
2. stunda opna, vandaða og skilvirka stjórnsýslu
3. sýna frumkvæði
4. skila sýnilegum árangri
5. vera í farabroddi fyrir náttúruvernd, neytendavernd og bættu umhverfi.
6. vera þekkt fyrir aðgengilegar upplýsingar og fræðslu um reglur og ástand mála á starfssviði sínu
7. stuðla að neytendavernd
8. efla samstarf og samþættingu verka
9. starfa í anda sjálfbærrar þróunar

Hlutverk Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun er ætlað að standa vörð um og bæta, ef kostur er, lífsskilyrði landsmanna, á grundvelli náttúruverndar og neytendaverndar. Með þessum hætti er stofnuninni ætlað að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar og bæta þannig hag bæði núlifandi og komandi kynslóða.

Stjórnendum Umhverfisstofnunar ber að tryggja að stofnunin uppfylli hlutverk sitt og hafa eftirfarandi viðmið til hliðsjónar:

- Að þarfir **samfélagsins** í matvæla- og umhverfismálum verði hafðar að leiðarljósi og þess gætt að horft sé til framtíðar fremur en að láta skammtímahagsmuni ráða ferðinni.
- Að þarfir þeirra sem nýta sér **þjónustu stofnunarinnar** verði kannaðar og komið til móts við þær að svo miklu leyti sem raunhæft er.
- Að **stjórnskipulag** stofnunarinnar þróist með verkefnum hennar, áætlanagerð og reglulegu mati á starfsemi.
- Að **starfsmannahald** fái að þróast og lögð verði áhersla á eflingu jákvæðs starfsanda.
- Að tryggt verði að **rekstur stofnunarinnar** verði í fjárhagslegu jafnvægi.

Verklag við útfærslu stefnumótunarinnar

Leiðarljós

Umhverfisstofnun þarf oft að taka ákvarðanir sem byggja ekki eingöngu á staðreyndum heldur einnig á huglægu mati. Við slíkar ákvarðanir, sem og í allri starfsemi stofnunarinnar, eru eftirfarandi leiðarljós höfð sem viðmið.

1. Sjálfbær þróun er grundvöllur búsetu á Íslandi, þ.m.t. sjálfbær nýting auðlinda og sjálfbær framleiðsla.
2. Öryggi og heilsa fólks er forgangsmál þegar áhætta er metin og ákvarðanir teknar um viðbrögð við hættu.
3. Tekið er tillit til áhrifa á umhverfi og eignir fólks þegar áhætta er metin og ákvarðanir um aðgerðir eru teknar.
4. Heiðarleiki og opin stjórnýsla eru í hávegum höfð í samskiptum.
5. Tekið er mið af stefnu stjórnvalda og samræmingar gætt við ákvarðanir og afgreiðslu mála á hinum ýmsu sviðum.
6. Ákvarðanir eru byggðar á nýjustu vísindabekkingu og verkefnum forgangsraðað í samræmi við þá þekkingu.

Vinnulag

Umhverfisstofnun fylgir eftirfarandi viðmiðum um vinnulag hvað varðar ábyrgð, samstarf og upplýsingagjöf.

Ábyrgð

1. Lögum og reglum skal fylgt eftir og unnið að því að þeir sem reglurnar beinist að axli ábyrgð og virði þær.
2. Áhersla skal lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir fremur en laga það sem úrskeiðis fer.

Samstarf

3. Skilgreining á verkefnum og forgangsröðun þeirra verður gerð í samvinnu við umhverfisráðuneytið. Forgangsröðun tekur mið af hlutverki stofnunarinnar, ástandi umhverfismála, stefnu stjórnvalda hverju sinni og fjárveitinga til stofnunarinnar.
4. Samstarf verður einnig haft við aðra um hvernig best sé að vinna að markmiðum umhverfisverndar.
5. Hagsmuna Íslands skal gætt í alþjóðasamstarfi.

Upplýsingaskylda

6. Almennungi, atvinnulífi og stjórnvöldum skal veita greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um matvæla- og umhverfismál og tryggt skal að þær séu settar fram á aðgengilegan hátt.

Meginmarkmið Umhverfisstofnunar

Við stefnumörkun er mikilvægt að móta framtíðarsýn og setja sér skýr markmið, en jafnframt þarf að líta sér nær og ákveða hver verði fyrstu skrefin í átt að meginmarkmiðum. Í þessum kafla er gerð grein fyrir samtals 21 meginmarkmiði Umhverfisstofnunar. Þar af eru ellefu markmið tengd verkefnavinnu stofnunarinnar á umhverfissviði, en níu markmið tengjast gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er, vinnulagi, rekstri og starfsmannahaldi. Ítarlegri útfærsla á meginmarkmiðum er að finna hér á eftir.

Auk meginmarkmiða hefur stofnunin einnig sett sér tímasett deilimarkmið, sem eru einskonar vörður í átt að meginmarkmiðum. Sett eru deilimarkmið eitt ár, tvö ár og sjö ár fram í tímann. Deilimarkmiðin eru endurskoðuð árlega þar sem farið er yfir hvað hafi áunnist og ný markmið sett fyrir árið framundan. Einnig var sett fram framtíðarsýn stofnunarinnar fyrir árið 2020.

Staðan eins og hún er í mars 2006 varðandi meginmarkmiðin er sýnd í næsta kafla

I. Verkefnatengd markmið

1. Að notkun **efna og efnavöru** skaði hvorki heilsu fólks né umhverfi.
2. Að **matvæli** (þ.m.t. neysluvatn) séu ómengduð.
3. Að dregið sé úr **menngun** eins og kostur er.
4. Að ástand umhverfisins og heilnæmi matvæla sé **vaktað**.
5. Að aðbúnaður og aðgengi þar sem almenningur leitar þjónustu eða kemur saman samræmist kröfum um **hollustuhætti** og öryggi.
6. Að athafnir manna raski ekki **náttúrunni** að óþörfu og að vernda það sem er sérstakt og hefur menningarlegt gildi.
7. Að náttúran fái eftir föngum að þróast eftir eigin lögmálum og að vernda **líffræðilega fjölbreytni**.
8. Að almenningur hafi **aðgang** að náttúrulegu umhverfi.
9. Að **villtir stofnar** séu **nýttir** á sjálfbæran hátt.
10. Að reynt verði að **draga úr tjóni af völdum villtra dýra** með raunhæfum aðgerðum.
11. Að brugðist verði við **bráðatilfellum** svo sem **matarsýkingum** og **bráðamengun** með viðeigandi hætti.
12. Að tryggja **velferð dýra**, rétt þeirra og skilvirkari meðferð dýraverndarmála.

II. Þjónustutengd markmið

1. Að komið sé til móts við þarfir notenda á skipulegan hátt.
2. Að þjóðin hafi aðgang að upplýsingum og sé upplýst um mál sem falla undir starfsemi stofnunarinnar.
3. Að opinberir eftirlitsaðilar fái öryggis- og forgangsþjónustu við opinberar eftirlitsmælingar og sérfræðiráðgjöf sem þeim tengist.

III. Vinnulagstengd markmið

1. Að unnið sé skipulega að skýrum markmiðum með vönduðum vinnubrögðum.
2. Að stunduð sé fjölfagleg samvinna.

IV. Rekstrartengd markmið

1. að stofnun sé skilvirk fjárhagslega og samræmi sé milli verkefna og fjármagnsins sem stofnunin hefur úr að spila.

V. Starfsmannatengd markmið

1. Að stofnunin sé eftirsóknarverður vinnustaður.
2. Að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem er tilbúið að leggja sig fram um að leysa verkefnin, sýna frumkvæði, vill bæta þekkingu sína og takast á við síbreytilegt umhverfi.
3. Að starfsfólki verði auðveldað að vinna störf sín óháð því hvar það er staðsett á landinu, krefjist störfin ekki beinlínis annars.